

Corbet o.fl. gegn Frakklandi

Dómur frá 10. mars 2015

Mál nr. 7493/11, 7494/11, / & 7989/11

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

6. gr. Réttlát málsmeðferð fyrir dómi

Rannsóknarnefnd. Sakamál. Réttur til að fella ekki á sig sök. Gæsluvarðhald.

1. Málsatvik

Kærandur, Yves Léonzi, Jean-Charles Corbet og Christian Paris, eru franskir ríkisborgarar fæddir 1957, 1952 og 1954. Þeir tóku allir þátt í yfirtöku á flugfélaginu Air Liberté í því skyni að bjarga því frá gjaldþroti. Frönsku flugfélögin AOM og Air Liberté voru hluti af Swissair samsteypunni, sem var lýst ógjaldfær í október 2001, og tekin af markaði í mars 2002.

Í febrúar 2003 var Air Liberté tekið til gjaldþrotaskipta. Mánuði síðar var rannsóknarnefnd skipuð af franska þinginu til að rannsaka fall flugfélagsins og komu kærandur allir fyrir nefndina. Nefndin skilaði skýrslu um að kærandur hefði auðgast verulega á aðstæðum sem tengdust flugfélaginu. Kærandur sættu í kjölfarið allir sakamálarannsókn. Corbet var gert að sæta tveggja sólarhringa gæsluvarðhaldi frá 22. til 24. júlí. Kærandur voru allir ákærðir og sakfelldir árið 2007. Áfrýjun á þeim grundvelli að nýtt hefðu verið gögn frá rannsóknarnefndinni þar sem réttur þeirra til að fella ekki á sig sök hefði ekki verið virtur, bar ekki árangur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur byggðu á því að við meðferð málsins hefði ekki verið virtur réttur þeirra til að fella ekki á sig sök samkvæmt 6. gr. sáttmálans. Þá byggði einn kæranda á því að gæsluvarðhald sem hann sætti hefði falið í sér ólögmæta frelsissviptingu í skilningi 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að kærendum hefði verið skylt að mæta fyrir rannsóknarnefndina, enda teljist synjun á slíku vera refsinaemt brot sem varði allt að tveggja ára fangelsi og 7500 evra sekt. Við þessar aðstæður væri til staðar ákveðin þvingun sem geti valdið vafa á því hvort kærandur hafi notið réttarins til að neita að tjá sig og fella ekki á sig sök. Þannig taldi dómstóllinn ekki útilokað að notkun upplýsinga frá slíkri nefnd fæli í sér brot gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Tekið var fram að það væri ekki eðli upplýsinganna sem slíkra sem skipti grundvallarmáli, heldur hvort gögnin væru notuð til að fella sök á kærendum.

Dómstóllinn tók fram að af hálfu saksóknara hefði lítið sem ekkert verið vísað til skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Þá hefðu yfirlýsingar kæranda fyrir nefndinni einungis verið notaðar við meðferð málsins til að sýna fram á aðstæður kæranda, en ekki til stuðnings því að þeir hefðu gerst sekir um þau brot sem um ræddi. Þannig hefði skýrsla nefndarinnar hvorki verið eina sönnunargagnið um sekt kæranda né það veigamesta. Með hliðsjón af þessu var ekki talið sýnt fram á að notkun upplýsinga frá rannsóknarnefndinni hefði haft áhrif á sakfellingu kæranda þannig að það varðaði við 6. gr. sáttmálans.

Um 5. gr.: Hvað varðaðigæsluvarðhald sem kærandinn Corbet sætti tók dómstóllinn fram að vistunin hefði átt sér stoð í frönsku sakamálalögunum fram til kl. 14:00 þann 24. júlí 2003. Vistun frá þeim tíma og til kl. 19:43 sama dag átti sér hins vegar ekki lagastoð og var þannig brotið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Franska ríkinu var gert að greiða kærandanum Corbet 3000 evrur í miskabætur og 3000 evrur í málskostnað